

Skýrsla stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða

Ræða Arnars Sigurmundssonar stjórnarformanns á aðalfundi 23. maí 2012

Árið 2011 er fyrsta árið þar sem afleiðingar banka- og efnahagshrunsins haustið 2008 setja ekki teljandi mark á afkomu lífeyrissjóðanna. Langstærsti hluti eignarýrnunar af völdum banka- og efnahagshrunsins og afleiðinga þess var kominn fram í ársreikningum sjóðanna 2008-2010. Eftir hrunið stendur eftir gjörbreytt efnahagsumhverfi með viðvarandi 6-7% atvinnuleysi og áframhaldandi gjaldeyrishöftum, sem takmarka möguleika sjóðanna til fjárfestinga. Þessi tvö mikilvægu mál eru samtvinnuð. Afnáam gjaldeyrishafta munu auka öll umsvif og um leið fjárfestingar í íslensku atvinnulífi sem munu draga úr atvinnuleysi. Afnáam gjaldeyrishafta er ekki auðvelt viðfangsefni og mun ekki takast nema með samkomulagi Seðlabanka Íslands, stjórnvalda, Alþingis og hagsmunasamtaka á vinnumarkaði. Aðkoma lífeyrissjóða að slíkri sátt getur skipt miklu við losun og afnáam gjaldeyrishafta.

2,4% hrein raunávöxtun 2011

Landssamtök lífeyrissjóða áætla að vegið meðaltal hreinnar nafnávöxtunar lífeyrissjóðanna hafi verið um 7,6% á árinu 2011, en verðbólga á árinu var 5,2% og útgjöld við rekstur sjóðanna um 0,2% af heildareignum. Að teknu tilliti til þessa var því 2,4% hrein samanvegin raunávöxtun lífeyrissjóðanna árið 2011. Raunávöxtun sjóðanna á sl. ári var eðlilega nokkuð misjöfn eftir samsetningu eigna og ávöxtunar eignaflokka.

Landssamtök lífeyrissjóða öfluðu upplýsinga frá öllum starfandi lífeyrissjóðum landsins sem eru 31 að tölu. Reyndist hrein raunávöxtun þeirra vera að langmestu leiti á bilinu frá 0,0% - 5% á sl. ári. Árið 2008 varð neikvæð raunávöxtun lífeyrissjóða um 22% og vógu áhrif bankahrunsins þar langmest, en árið 2009 var hún jákvæð um 0,3%, árið 2010 jákvæð um tæplega 2,7% og á síðasta ári varð hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna jákvæð um 2,4% sem fyrr sagði.

Bandaríska S&P500 hlutabréfavístanan stóð í stað á árinu 2011 og heimsvísitala Morgan Stanley lækkaði um tæp 8% mælt í dollurum. Áhrifin af þessum breytingum á erlendum vísitölum skila sér með nokkuð öðrum hætti í eignasafni lífeyrissjóðanna við árslok 2011 vegna rúmlega 4% lækkunar á gengi íslensku krónunnar á árinu. Erlendar fjárfestingar sjóðanna voru ekki að skila ávöxtun á árinu 2011, en það breytir ekki mikilvægi þeirra í eignasafni sjóðanna. Á þessu ári hefur orðið mjög góð ávöxtun á erlendum verðbréfaeignum lífeyrissjóðanna.

Áhrifin af alvarlegu efnahagsástandi og miklu atvinnuleysi á þeim efnahagssvæðum sem sjóðirnir hafa beint sínum fjárfestingum koma fram í lakari afkomu þarrendra fyrirtækja og dregur um leið úr kaupmætti almennings. Við þessar erfiðu aðstæður verður eitthvað að láta undan og hafa margar ríkisstjórnir í Evrópulöndum orðið að víkja. Ekki sér fyrir endann á þessu erfiða efnahagsástandi og hefur Evrusvæðið þar orðið illa úti, en löndin á Evrópska efnahagssvæðinu eru mikilvægustu markaðssvæði fyrir útflutningsframleiðslu Íslendinga.

Heildareignir lífeyrissjóða 2.200 milljarðar króna í lok mars 2012

Heildareignir lífeyrissjóðanna eru áætlaðar 2.096 milljarðar í árslok 2011, en voru 1.914 í árslok 2010 og höfðu því aukist um 182 milljarða. Upplýsingar um þessa 9,5% aukningu heildareigna sjóðanna og skiptingu þeirra í eignaflokka er að finna í skýrslu Seðlabanka Íslands. Heildareignir sjóðanna hafa haldið áfram að aukast á fyrstu mánuðum þessa árs og voru komnar í 2.217 milljarða í lok mars sl. skv. skýrslu Seðlabankans en hún byggir á mánaðarlegum upplýsingum lífeyrissjóðanna. Þróun

heildareigna gefur ekki rétta mynd af ávöxtun sjóðanna þar sem iðgjaldtekjur eru og verða næstu árin töluvert hærrí en hverskonar lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga og vegna viðbótarlífeyrissparnaðar.

Rúmlega 2% meðal raunávöxtun lífeyrissjóða sl. 10 ár

Til þess að lífeyrissjóðir geti staðið undir skuldbindingum sínum þarf árleg langtímaávöxtun þeirra að nema 3,5% umfram innlenda verðbólgu. Afkoma síðustu fimm ára er langt undir þeirri viðmiðun og munar þar mest um mjög neikvæða afkomu 2008. Fimm ára meðaltal raunávöxtunar sjóðanna, 2007-2011 er neikvætt um 3,7%, en 10 ára meðaltal árin 2002-2011 er aftur á móti jákvætt um rúm 2,0%. Ef horft er til ársins 1997 þegar lögin um lífeyrissjóði voru samþykkt á Alþingi er meðal raunávöxtun lífeyrissjóðanna aftur á móti jákvæð um 3,3%. Áföllin eftir bankahrunið 2008 og afleiðingar þess leiddu til þess að nokkrir lífeyrissjóðir urðu að lækka lífeyrissréttindi og skerða lífeyrisgreiðslur. Skerðingar eru enn að koma til framkvæmda hjá nokkrum sjóðum á þessu ári. Flestir þessara sjóða höfðu aukið réttindi umfram hækkun vísitölu þegar ávöxtun þeirra var hvað best á árunum 2005 og 2006.

Frá september 2008 hefur vísitala fyrir mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur sjóðanna og skuldbindingar hækkað um samtals 33%, en launavísitala skv. Hagstofu Íslands um tæp 23% á sama tímabili. Þetta vill gleymast í umræðunni um óhjákvæmilegar skerðingar sjóðanna á réttindum og lífeyrisgreiðslum.

Umræðan um 3,5% langtíma raunávöxtun lífeyrissjóða til að standa undir skuldbindingum sínum sé of há miðað við núverandi vaxtastig í landinu hefur verið nokkuð fyrirferðamikil undanfarin misseri. Algengur misskilningur er að telja 3,5% myndi nokkurskonar vaxtagólf á skuldabréf hjá sjóðunum. Landssamtökin hafa á þessu ári staðið fyrir tveimur fundum með stjórnendum lífeyrissjóða og nokkrum sérfræðingum um vaxtaviðmið og tryggingarfræðilega stöðu lífeyrissjóðanna. Ekki er talið tilefni til að endurskoða 3,5% vaxtaviðmið lífeyrissjóðanna, en þessi mál munu verða áfram til umræðu á vettvangi lífeyrissjóðanna.

Alþjóðlega fjármálakreppan og gjaldeyrishöftin hér á landi hafa óhjákvæmilega leitt til mikilla breytinga á fjárfestingastefnu sjóðanna. Mikil aukning hefur orðið í hverskonar innlánsformum, og skuldabréfum með ríkisábyrgð. Í árslok 2011 námu innlendar eignir lífeyrissjóðanna rúmlega 77% á móti 75% í árslok 2010. Erlendar eignir sjóðanna námu rúmlega 22% á móti 26% í árslok 2010. Í árslok 2009 voru þessi hlutföll 68% í innlendum eignum og 32% í erlendum eignum. Margir lífeyrissjóðir hafa tekið þátt í nokkrum gjaldeyrísútboðum Seðlabanka Íslands frá miðju ári 2011, en þau hafa þann tilgang að flýta fyrir losun og afléttingu gjaldeyrishafta. Seðlabankinn hefur boðist til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur sem vilja komast úr landi, gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

Skattlagning á lífeyrissjóði og samskiptin við stjórnvöld

Stjórnvöld, fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir undirrituðu Viljayfirlýsingu um skuldamál heimilanna 3. desember 2010. Í þessari yfirlýsingu er að finna ákvæði um aðgerðir vegna yfirveðsettra heimila. Þá er sérstakt ákvæði um aðkomu fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða að fjármögnun á 6 milljörðum í sérstakar vaxtabætur vegna 2011 og 2012. Hlutur lífeyrissjóða var áætlaður um 25% á móti 75% fjármálafyrirtækja, eða um 1500 millj. kr. hvort ár. Þegar málið var lagt fyrir Alþingi var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir myndu greiða 1.750 milljónir hvort ár í sérstakan eignarskatt vegna þessara úrræða. Samhliða þessari skattlagningu var einnig síðar á árinu lagt til að lífeyrissjóðir myndu greiða 10,5% af launastofni í sérstakan fjársýsluskatt eða um 200 millj. kr. á ári. Landssamtök lífeyrisjóða mótmæltu þessum áformum um skattlagningu og féllu stjórnvöld frá því að leggja fjársýsluskatt á lífeyrissjóðina og lækkuðu væntanlegan eignarskatt á sjóðina um 350 millj. í 1.400 millj. kr. fyrir hvort ár.

Samhliða þessu höfðu verið í gangi viðræður milli fulltrúa lífeyrissjóða og stjórnvalda um viðskipti og að sjóðirnir myndu kaupa eignir af ríkinu þar sem bókhaldslegur hagnaður ríkissjóðs gæti numið því framlagi sem lífeyrissjóðunum var ætlað að standa undir vegna sérstakra vaxtabóta. Þessi viðskipti áttu einnig að vera mjög ásættanleg fyrir lífeyrissjóðina. Í þessu sambandi var rætt um kaup á hlut í Landsvirkjun eða hlutabréfum í Landsbankanum og/eða Landsneti. Ekkert af þessum eignum ríkisins voru sagðar til sölu á þessum tíma og það væri ekki fyrir en á árinu 2013 sem ríkið færi að selja eignarhluta sína í bönkunum.

Alþingi hafði samþykkt á sumarpingi 2011 þrátt fyrir kröftug mótmæli að leggja tímabundinn eignarskatt á lífeyrissjóðina til að fjármagna sérstakar vaxtabætur 2011-2012. Síðasta haust áður en til 1.400 millj. kr. fyrirframgreiðslu kom á eignarskattinum voru viðræður teknar upp á ný við stjórnvöld til að kaupa sig frá skattinum með viðskiptum. Nú var horft til landakaupa á Keldum og Keldnaholti sem eru í eigu ríkisins og heimild fyrir sölu á fjárlögum. Ríkið lét gera nýtt mat á Keldum og Keldnaholti en einnig voru teknar upp viðræður við Reykjavíkurborg að hálfu lífeyrissjóðanna um skipulagsmál á svæðinu og hvenær búast mætti við að hægt væri að hefja þar framkvæmdir í næstu framtíð. Jafnframt var kannað hvort hægt væri að leysa málið með þeim hætti að lífeyrissjóðirnir keyptu landið, seldu síðan Reykjavíkurborg og veittu langtímalán fyrir landakaupunum og inni í þessum viðskiptum fælist uppgjör á hlut lífeyrissjóðanna á sérstökum vaxtabótum fyrir bæði árin. Ekki tókst að lenda málinu við borgina og ekki var heldur nægur vilji hjá lífeyrissjóðunum að gerast landeigendur á Keldum og Keldnaholti með þeirri óvissu um hvenær hægt væri að selja eignirnar.

Afnám eignaskatts á lífeyrissjóðina og gjaldeyrisútboð Seðlabankans

Ríkissjóður innheimti 1.400 millj. kr. hjá sjóðunum sem fyrirframgreiðslu eignarskatts í árslok 2011 og aðra eins fjárhæð átti að innheimta vegna ársins 2012. Þessi skattlagning á lífeyrissjóðina ásamt fleiru hindraði framlengingu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nú í ársbyrjun. Eftir nokkra fundi fulltrúa LL og fjármálaráðuneytis tókst loks samkomulag 8. febrúar sl. sem felur í sér að sjóðirnir munu taka virkan þátt í 3-4 gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands á þessu ári með gildum tilboðum að fjárhæð allt að 200 milljónir evra. Þessi útboð sem skapa eiga ríkissjóði umtalsverðar tekjur eru nú langt komin og verður að óbreyttu lagt fram stjórnarfrumvarp á haustþingi 2012 sem felur í sér að hætt verði við fyrirframgreiðslu á eignarskattinum vegna 2012 og ríkið endurgreiði þær 1400 milljónir króna sem sjóðirnir eru búnir að greiða vegna 2011. Megintilgangur gjaldeyrisútboða Seðlabankans og þátttöku lífeyrissjóða í þeim er sá að flýta fyrir afnámi gjaldeyrishaftanna. Ljóst er að áhrif útboðanna vega ekki mikið ein og sér til að losa umgjaldyrishöftin. Engu að síður eru þau nauðsynleg, og vonandi fer að rofa til og hægt að stíga mun stærri skref í afnámi gjaldeyrishafta sem allra fyrst. Gjaldyrishöftin eru slæm fyrir íslenskt efnahagslíf, en það er heldur ekki auðvelt að komast frá þeim nema með samstilltu átaki og það gerist ekki nema að allir hagsmunaaðilar komi að lausn mála.

Afleiðuviðskipti lífeyrissjóðanna við föllnu bankanna

Viðræður við skilanefndir og síðar slitastjórnir Kaupþings, Glitnis og Landsbankans um stöðu og uppgjör gjaldmiðlavarناسamninga lífeyrissjóðanna hafa staðið yfir með hléum allt frá bankahruni. Ýmislegt varð til þess að viðræðurnar tóku langan tíma, enda miklir hagsmunir í húfi fyrir lífeyrissjóðina. Í júlí 2011 tókst samkomulag milli 13 lífeyrissjóða við skilanefnd Landsbankans um uppgjör og skuldajöfnun á afleiðusamningum með ásættanlegum hætti fyrir sjóðina. Í lok síðasta mánaðar tókst samkomulag milli 12 lífeyrissjóða og slitastjórnar Glitnis um uppgjör afleiðuviðskipta og skuldajöfnun. Þrjú lífeyrissjóðir sem voru með gjaldmiðlavarناسamninga við Glitni banka eru ekki aðilar að samkomulaginu. Í samkomulaginu við Glitni eru undanskyldar ágreiningskröfur sem varða víkjandi og höfuðstólstryggð skuldabréf þar sem lífeyrissjóðirnir gera kröfur á Glitni og varð

samkomulag um að vísa þeim ágreiningi til úrlausnar dómstóla. Heildarniðurstöður í samkomulagi lífeyrissjóðanna við Landsbankann og Glitni eftir skuldajöfnun rúmast innan þeirra fjárhæða sem flestir sjóðirnir höfðu gert ráð fyrir í ársreikningum sínum allt frá árslokum 2008. Í einhverjum tilvikum reyndust uppgjörsfjárhæðir lægri og hjá sumum sjóðum heldur hærri.

Allt frá því í fyrrahaust hafa verið í gangi samningaviðræður fulltrúa lífeyrissjóða og skilanevndar og síðar slitastjórnar Kaupþings um uppgjör afleiðuviðskipta. Vonandi næst innan tíðar viðunandi niðurstaða fyrir lífeyrissjóðina í þessum viðræðum, annars er viðbúið að útkljá þurfi málin fyrir dómstólum.

Af öllum þeim málum sem forysta LL hefur fengist við allt frá bankahruninu haustið 2008 hefur líklega ekkert verið eins tímafrekt og erfiitt og samningar um uppgjör afleiðuviðskipta við föllnu bankana og gildir þetta örugglega einnig um stjórnendur þeirra lífeyrissjóða sem þar komu við sögu.

Skýrsla Úttektarnefndar og eftirfylgni á vettvangi lífeyrissjóðanna

Stjórn og varastjórn LL samþykkti á fundi sínum 24. júní 2010 að skipa 3ja manna nefnd óháðra, óvilhallra og hæfra einstaklinga til að gera úttekt á fjárfestingastefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Stjórn LL fól ríkissáttasemjara að tilnefna fulltrúa í úttektarnefndina og tók hún til starfa haustið 2010 og réð starfsfólk með góða þekkingu á verkefninu. Úttektarnefndin ákvað að auka umfang verkefnisins sem reyndist af þeim ástæðum mun umfangsmeira og tímafrekara en gert var ráð fyrir í upphafi. Úttektarnefndin skilaði skýrslu sem er í fjórum bindum alls tæplega 800 bls. að stærð hinn 3. febrúar sl. á fjölmönnum fundi að viðstöddum fulltrúum lífeyrissjóða, fjölmiðlafólks og fleiri gestum. Meginniðurstaða nefndarinnar var að heildareignarýrnun sjóðanna frá 1. janúar 2008 til ársloka 2010 hafi numið sem svarar 28% af heildareignum sjóðanna. Landssamtök lífeyrissjóða gerðu þá athugasemd að réttara hefði verið hjá nefndinni að miða eignarýrnun sjóðanna af völdum banka- og efnahagshrunsins við lok september 2008, en við það lækkar eignarýrnun sjóðanna í 22%. Meðal tillagna nefndarinnar var að fram fari endurskoðun á lögum um lífeyrissjóði, einkum ákvæðum um fjárfestingastefnu sjóðanna.

Stjórnir lífeyrissjóðanna hafa fjallað um skýrslu Úttektarnefndar á fundum sínum, þá hafa verið haldnir sjóðfélagafundir og gerðar úttektir sem varða einstaka lífeyrissjóði í framhaldinu. Þá hafa þessi mál verið til umræðu á ársfundum sjóðanna og vinna í gangi að bregðast við þeim ábendingum og athugasemdum sem varða heildina og viðkomandi sjóði. Þessari eftirfylgni lífeyrissjóðanna er enn ekki lokið og mun skýrsla úttektarnefndar um viðkomandi lífeyrissjóði ásamt almenna kaflanum um starfsemi sjóðanna og tillögur sem þar er að finna nýtast vel í þeirri vinnu. Heildarkostnaður við störf úttektarnefndar frá hausti 2010 til febrúar 2012 var 75 milljónir krónur og er greiddur af lífeyrissjóðunum með sérstöku aukaframlagi til LL á árunum 2011 og 2012. Öllum fylgiskjöllum tilheyrandi starfi nefndarinnar hefur verið komið í örugga geymslu og minnislyklar eru í umsjá ríkissáttasemjara og Fjármálaeftirlitsins. Þetta er gert til að tryggja öryggi gagnanna.

Skömmu eftir að úttektarnefndin hóf störf samþykkti Alþingi 28. sept. 2010 ályktun um sjálfstæða rannsókn á starfsemi lífeyrissjóða allt frá setningu laga um starfsemi lífeyrissjóða frá 1997. Jafnframt kom fram hjá formanni nefndar Alþingis sem lagði fram ályktunina á þeim tíma að viðkomandi nefnd þingsins myndi leggja mat á skýrslu úttektarnefndar sem þá var væntanleg á fyrri hluta árs 2011 áður en tekin yrði ákvörðun um hvernig staðið væri að framhaldi málsins. Þegar skýrslan lá fyrir 3. febrúar sl. bauðst Hrafn Bragason form. úttektarnefndar til þess að mæta fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Fulltrúar og starfsmenn nefndarinnar mættu á fund nefndarinnar í apríl sl. en fundinn sátu einnig formaður stjórnar og framkvæmdastjóri LL, ásamt nokkrum fulltrúum úr fjárlagaefnd og efnahags- og viðskiptanevnd þingsins. Úttektarnefndin gerði á fundinum ítarlega grein fyrir störfum sínum og svaraði fyrirspurnum þingmanna.

Í fyrradag lagði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis fram þingsályktunartillögu um skipan þriggja manna rannsóknarnefndar um starfsemi lífeyrissjóða er nái yfir tímabilið frá setningu laga um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfssemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 til ársloka 2011. Nefndin fær meðal annars það verkefni að fara yfir skýrslu úttektarnefndar og staðfesta gagnaöflun og úrvinnslu. Gert er ráð fyrir að þessi nýja nefnd muni skila skýrslu eigi síðar en 1. júlí 2013 ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að vinna.

Það gustar um starfsemi lífeyrissjóðanna

Við sem komum að starfsemi LL og lífeyrissjóðanna finnum sannarlega fyrir væntingum og vonum sem fólk ber til sjóðanna. Einnig að leitað er til einstakra lífeyrissjóða um aðkomu að fjármögnun framkvæmda. Getur það jafnt átt við opinberar framkvæmdir og uppbyggingu atvinnulífsins. Stundum hefur hvesst nokkuð í samskiptum lífeyrissjóða og stjórnvalda. Fyrr í skýrslunni er rætt um áform um skattlagningu á lífeyrissjóðina með fjársýsluskatti og eignarskatti. Þá má ekki gleyma breytingum sem gerðar voru á frádráttarbærni iðgjalda til viðbótarlífeyrissparnaðar úr 4% í 2% frá síðustu áramótum. Þeim breytingum var harðlega mótmælt, en þessar aðgerðir stjórnvalda munu óneitanlega draga úr sparnaði. Þá hefur forysta LL staðið í ströngu í viðræðum við stjórnvöld um svokölluð lánsveðslán að undanförunu. Þannig hagar til að lífeyrissjóðir tóku lánsveð í ríkari mæli til tryggingar sjóðfélagalánum en tíðkast hefur í bönkum og sparisjóðum. Ástæðan er sú að lífeyrissjóðir veittu ekki fasteignalán umfram 65-75% af fasteignamati eða markaðsverði fasteignar. Þessu var öðruvísi farið hjá Íbúðalánasjóði, bönkum og sparisjóðum. Svokölluð 110% leið nýtist ekki skuldara ef lánið í hans eign er undir 110% af verðmæti og lánsveðslán til viðbótar hvílir á annarri fasteign. Aftur á móti fær hann vaxtabætur og sérstakar vaxtabætur uppfylli lánsveðslánin þær reglur sem gilda.

Lífeyrissjóðslán til sjóðfélaga eru um 15% af fasteignalánum hér á landi og eru almennt í betri skilum en hjá fjármálafyrirtækjum. Lífeyrissjóðirnir hafa tekið þátt í 110% leiðinni og öðrum sambærilegum úrræðum frá því þeim var komið á í byrjun árs 2011. Í mars 2012 var myndaður starfshópur á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytis og var verkefni hans að koma með úrræði sem gagnast munu þeim sem eru með lánsveðslán til fasteignakaupa skv. skattskrá og samtala slíkra lána eru yfir 110%. af fasteign skuldara. Fulltrúar frá sjóðunum hafa þátt í þessari vinnu. Í tillögum efnahags og viðskiptaráðherra frá því fyrr í þessum mánuði er gert ráð fyrir því að lánveitendur þar sem samtala áhvílandi og lánsveðslán er yfir 110% af fasteignamati 2010 færi lánin niður í 110%. Lífeyrissjóðirnir hafa ekki heimild til slíkrar niðurfellingar lána og hefur það ítrekað verið áréttað af forystu LL.

Sem sáttaleið höfum við lagt til að skoðaður verði sá möguleiki að Íbúðalánasjóður kaupi lánsveðslán viðkomandi lífeyrissjóða þar sem samtala skulda fer yfir 110% og það verði gert eftir að búið er að vinna úr umsóknum sem berast viðkomandi lífeyrissjóðum Greiðsla fyrir þessi lánsveðslán væri Íbúðabréf með ríkisábyrgð. Meðalánstími lánsveðslána sem geta fallið undir ofangreint er 15 ár. Þessari hugmynd var í fyrstu hafnað af stjórnvöldum en nú er að störfum hópur sem er að skoða hvort þessi leið er fær fyrir Íbúðalánasjóð. Þess er vænst að hópurinn skili álit og tillögum upp úr næstu helgi. Sá núningur sem þetta mál hefur valdið minnir okkur á að þurfa ávallt að vera á varðbergi í samskiptum við stjórnvöld og alþingismenn og óháð því hvaða stjórnmalaflokki þeir tilheyra.

Öflugt og mikið starf á vettvangi lífeyrissjóðanna

Þrátt fyrir eðlilega samkeppni á milli lífeyrissjóða eiga þeir með sér náið og gott samstarf á ýmsum sviðum. Í þeim efnum gegnir samstarf sjóðanna á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða lykilhlutverki. Í skýrslu LL sem dreift verður hér á fundinum kemur skýrt fram það mikla starf sem unnið er á vettvangi LL og lífeyrissjóðanna. Auk stjórnar LL eru starfandi nokkrar fastanefndir sem vinna mikið starf og auk þess eru kallaðir til starfsmenn sjóðanna til að vinna að ákveðnum tímabundnum

verkefnum. Þessu til viðbótar hafa Landssamtökin leitað til sérfræðinga á ýmsum sviðum utan lífeyrissjóðanna til að aðstoðar við sameiginleg verkefni. Allt útheimtir þetta mikla vinnu sem í flestum tilvikum nýtist heildinni.

Ekki hef ég tölur um fjölda funda á vegum LL á starfsárinu. Starfshópar hafa verið iðnir við kolann eins og jafnan áður en af nægu er að taka. Þeir eru eigna- og áhættustýringahópur, fræðsluhópur, húsnæðishópur, samskiptahópur og réttindahópur. Þá hefur mikið starf verið unnið hjá Hverahlíðarhópi, skilmálahópi og að endingu ekki síst hjá viðbragðshópi en hann lauk störfum með skýrslu í nóvember sl.

Alþjóðlegur samanburður á styrk lífeyrissjóða

Í alþjóðlegum samanburði á styrk lífeyrissjóða stöndum við Íslendingar vel að vígi. Áætlað er að hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna hafi numið 129% af vergri landsframleiðslu í árslok 2011. Í árslok 2008 fór hlutfallið niður í 112%. Árið 1999 var hlutfallið 82% af sama stofni hér á landi. Eingöngu Holland er með hærra hlutfall í lífeyrissparnaði en það var 134% í árslok 2011. Sviss hefur farið úr öðru sæti 2010 í það þriðja 2011 eða úr 126% í 115%. Við höldum því okkar hlut í þessum efnunum og gott betur.

Ekki verður lokið við þessa skýrslu án þess að minnst á starfsemi Framtakssjóðs Íslands - FSÍ - svo miklu skiptir hún fyrir starfsemi flestra lífeyrissjóða. Árið 2011 reyndist mjög hagstætt FSÍ, afkoman var mjög góð og fjárfestingar FSÍ hafa skilað góðri ávöxtun. Eins og jafnan í viðkvæmu árferði hefur gastað um starfsemina og skiptar skoðanir hafa orðið um einstakar fjárfestingar. En þegar upp er staðið og horft er fram á veginn fer ekki á milli mála að frumkvæði lífeyrissjóðanna að stofnun og starfsemi FSÍ og aðkoma 16 þeirra í rekstri félagsins ásamt síðari hluthöfum Landsbanka Íslands og VÍS hefur skilað góðri ávöxtun til eigenda sinna.

Þann 1. ágúst 2011 tók Þórey S. Þórðardóttir, hæstaréttarlögmaður við starfi framkvæmdastjóra LL, en hún hafði verið ráðin og hóf störf að tilteknum verkefnum nokkru áður. Frá sama tíma lét Hrafn Magnússon af störfum eftir 36 ára starf í þágu lífeyrissjóðanna. Hrafn var Þóreyju innan handar í fyrstu, en hefur síðan komið að ákveðnum verkefnum sem nú fer senn að ljúka. Starfsemi íslenskra lífeyrissjóða og einstaklingurinn Hrafn Magnússon verða ekki auðveldlega sundurskilin. Það fundum við mjög fyrir á fjölmönnum vinafundi til heiðurs Hrafn sem haldinn var í Hörpu 14. október sl. Framlag Hrafns til starfsemi íslenskra lífeyrissjóða og samtaka þeirra verður seint fullþakkað.

Að endingu þakka ég samstjórnarfólki og lífeyrissjóðafólki og starfsfólki Greiðslustofu lífeyrissjóða fyrir mjög gott samstarf á starfsárinu. Sérstaklega þakka ég Þóreyju S. Þórðardóttur framkvæmdastjóra, en hún hefur sannarlega reynt sá viskubrunnur og öflugur klettur í störfum sínum fyrir LL og lífeyrissjóðina sem við vorum að sækjast eftir.

Arnar Sigurmundsson